

Orkustofnun
Anna Lilja Oddsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0007
IAS

Efni: Beiðni um umsögn Laxeyjar ehf. um nýtingarleyfi til töku salts grunnvatns í Friðarhöfn, Vestmannaeyjabæ.

Við er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 2. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Laxeyjar ehf. um nýtingarleyfi til töku salts grunnvatns í Friðarhöfn, Vestmannaeyjabæ.

Fram kemur að Laxey sækir um nýtingarleyfi fyrir allt að 20 l/s úr einni holu sem boruð verður á lóð fyrirtækisins að Strandvegi 104 í Vestmannaeyjabæ.

Nokkrar sjótökuholur eru við fiskvinnslur og Varmadælustöðina í Vestmannaeyjum í nágrenni við lóð Laxeyjar. Efstu jarðlögin í Vestmannaeyjum eru mjög gropin og fjöldi borhola sýnir að sjór á greiða leið inn undir Vestmannaeyjabæ. Varmadælustöð HS Veitna í Eyjum, um 300 m sunnan við fyrirhugaða staðsetningu borholu Laxeyjar, notar t.d. um 450 l/s og eru 20 l/s til viðbótar ekki líklegir til að hafa nein merkjanleg áhrif.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við umsókn Laxeyjar um nýtingarleyfi á söltu grunnvatni í Friðarhöfn í Vestmannaeyjabæ.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

